

Skúli þarf fimm milljarða til að halda flugi

Forsvarsmenn WOW leggja til fækkun í vélafloata og að skuldum verði breytt í hlutfé svo hægt sé að halda rekstri áfram. Starfsmenn flugfélagsins viðra hugmyndir um að leggja brot launa í hlutfé.

VIÐSKIPTI Fundað var víða um höfuðborgina í gærkvöld vegna stöðu WOW air eftir að viðræðum félagsins við Icelandair var slitið um miðjan dag. Skúli Mogensen, eigandi félagsins, rær nú lífróður til að afstýra brotlenningu þess.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vinnur Arctica Finance að því að safna 42 milljónum dollara, andvirði rúmlega 5 milljarða króna, til að bjarga flugfélaginu frá þroti. Hafa verður hraðar hendur við það verk. Félagið skuldar fyrir um 200 milljónir dollara – skuldabréfaeigendum, Arion banka, ISAIVA ohf. og ýmsum öðrum viðskiptavinum – en sú upphæð samsvarar um 24 milljörðum íslenskra króna. Af þeirri upphæð eru um tveir milljarðar króna komnir til vegna skuldar félagsins við ISAVIA. Hefur félagið skuldbundið sig til að hafa ávallt eina vél floata síns á Keflavík-urflugvelli til tryggingar greiðslu skuldarinnar. Sú hugmynd hefur verið viðruð, af forsvarsfólki WOW, að ISAVIA gefi eftir hluta skuldarinnar.

Þátttakendur í skuldabréfaútbóði WOW air, sem léðu flugfélaginu um 7,9 milljarða króna síðasta haust, sem og aðrir kröfuhafar fyrirtækisins funduðu um helgina. Fram kom í tilkynningu frá WOW í gær að fulltrúar félagsins hefðu tekið þátt í þeim fundum en efni þeirra var að reyna að ná samkomulagi um fjárhagslega endurskipulagningu þess.

Í tilkynningu WOW kom enn fremur fram að vonir standi til þess að hluta núverandi skulda yrði breytt í hlutfé og að fjármagn verði tryggt þar til félagið nái stöðugleika á ný. Hagræðingarhugmyndir forsvarsmanna fyrirtækisins lutu að því að fækka í flugflotanum, úr ellefu vélum í sjö. Heimildir Fréttablaðsins herma að tillögur Skúla hafi ekki fallið í frjóan jarðveg.

Þá sendi Skúli Mogensen starfsmönnum sínum stutt bréf í gærkvöldi. Þar þakkaði hann starfsmönnum fyrir mikinn stuðning sem það hefur sýnt. Fjöldi starfsmanna hafi boðist til þess að leggja hluta launa sinna upp í hlutfé í félaginu. Vonir standi til þess að unnt verði að verða við því. Að öðru leyti gæti hann ekkert sagt á þessu stigi umfram það sem fram komi í tilkynningunni.

Tilkynnt var um viðræðuslit Icelandair og WOW á sjötta tímanum í gær. Umræddar viðræður voru stuttar en þær hófust á föstudag eftir að upp úr flosaði milli WOW og Indigo Partners. Um síðustu helgi viðruðu forsvarsmenn WOW hugmyndir við stjórnvöld um ríkisábyrgð á lánalínu til félagsins frá Arion banka.

„Í stuttu máli er fjárhagsstaðan og reksturinn með þeim hætti að við sáum ekki ástæðu til að

halda áfram,“ segir Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, um viðræðuslitin. „Við vorum að horfa á þetta til lengri tíma en ekki til þess að leysa skammtímamál. Síðan þegar við fórum að skoða málið og allar sviðsmyndir þá ákváðum við að ganga frá þessum viðræðum.“

Fulltrúar WOW air og kröfuhafar félagsins voru ekki einu aðilarnir sem funduðu í gær vegna stöðunnar. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, og samgönguráðherrann Sigurður Ingi Jóhannsson komu einnig saman til að ræða stöðuna. Heimildir Fréttablaðsins herma að Matt Ridley, ráðgjafi sem starfaði áður hjá fjárfestingarbankanum JP Morgan og einn helsti ráðgjafi Íslands í kjölfar hruns bankanna, hafi setið fundinn. Ekki fengust svör um hvað fór fram á fundinum. Sigurður Ingi vildi ekki ræða við blaðið um stöðuna en sagði í skriflegu svari að óvissa væri um stöðuna í flugmálum.

Þá herma heimildir Fréttablaðsins að fulltrúar WOW hafi fundað með Samgöngustofu í gær en stjórnvaldið er útgafandi flugrekstrarleyfis félagsins. Eitt af skilyrðum þess leyfis er að flugrekandi hafi fjárhagslegt bolmagn til að halda rekstri áfram. Samgöngustofa hefur fylgst grannt með fjárhagsstöðu félagsins frá síðasta hausti en samkvæmt heimildum blaðsins var meðal annars endurskoðandi frá stofnuninni með starfsstöð á skrifstofu WOW um skeið.

Sagt var frá því í helgarblaði Fréttablaðsins að komi til þess að WOW air hverfi af flugmarkaði gæti það leitt til þess að landsframleiðsla dragist saman um allt að tæpum þremur prósentum. Var það niðurstaða skýrslu sem unnin var af ráðgjafarfyrirtækinu Reykjavík Economics fyrir félagið. Í skýrslunni kemur einnig fram að brott-hvarfið hefði í för með sér veikingu krónunnar og að þúsundir starfa myndu tapast. – jõe

Skúli Mogensen, forstjóri WOW air.



WOW air skuldar yfir 20 milljarða króna.

Endataflið hafið

Lokakafli í sögunni endalausur af erfiðleikum WOW air er hafinn. Félagið leitaði á náðir kröfuhafa í gær og bað um 5 milljarða króna innspýtingu, en undirtektirnar voru dræmar.

- 11 KR .

Nú eru allar 55 stöðvar Orkunnar þínar stöðvar.

Kynntu þér afsláttarþrep Orkunnar á orkan.is.



Tales from Iceland




BESTA SAFN ÍSLANDS

SKV. TRIPADVISOR.COM



AUSTURBÆR

Veður



Víða SA 10-18 og heldur hvassara NV-lands í kvöld. Talsverð rigning, en úrkomulitið norðaustan til á landinu. Hljánandi, hiti 5 til 8 stig síðdegis. **SJÁ SIÐU 16**

Trump verður ekki ákærður

BANDARÍKIN Rannsókn Roberts Mueller, sérstaks saksóknara, leiddi ekki í ljós nein sönnunargögn sem sýna fram á ólöglegt samskipti framboðs Donalds Trump við rússnesk stjórnvöld fyrir forsetakosningararnar í Bandaríkjunum 2016. Þar að auki eru ekki nægar sannanir til að ákæra Trump fyrir að hindra framgang réttvísinnar.



Donald Trump, forseti Bandaríkjanna.

Mueller hefur undanfarin tvö ár rannsakað ásakanir á hendur Trump um tengsl hans við rússnesk stjórnvöld í aðdraganda kosninganna. Alls hafa 34 verið ákærðir, þar af sex úr herbúðum Trumps, auk Rússa og ýmissa fyrirtækja. Trump hefur lýst rannsókninni sem nornaveiðum.

Mueller skilaði skýrslunni á föstudag, en hún hefur ekki verið gerð opinber. Í gær sendi William P. Barr dómsmálaráðherra þinginu bréf um helstu niðurstöður Muellers. Þingmenn Demókrata krefjast þess að dómsmálaráðuneytið afhendi þeim öll gögn rannsóknarinnar.

Bandaríkjaforseti var fljótur að hrósa sigri á Twitter: „Ekkert samráð, engin hindrun, fullkomin og algjör hreinsun.“ – **bg**

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Tekst Davíð að sigra Goliat?



Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu mætir ríkjandi heimsmeisturum Frakklands í dag í undankeppni EM 2020. Ísland spilaði óaðfinnanlegan leik gegn Andorra fyrir helgi. Frakkar eru með besta landsliðið í heimi og þurfa að leggja mikið á sig til að sigra. Sjá síðu 12. MYND/HAFLÍÐI BREIÐFJÖRD

Bæta öryggi á Akureyri með myndavélum

LÖGGÆSLA Lögreglan á Akureyri og Akureyrarbær hafa í samvinnu við Neyðarlínuna undirritað samkomulag um uppsetningu og rekstur nýrra löggæslumyndavéla í bænum.

Vélnarar munu leysa af hólmi eldri og úreltar vélar. Fréttablaðið hefur áður greint frá því að fær eftirlitsmyndavélar eru staðsettar á Akureyri og ófullkonnari en nútímatækni býður upp á.

Samkvæmt samkomulagi þessara þriggja aðila verða þær notaðar til að fylgjast með stöðum þar sem líklegt er talið að þær geti varpað ljósi á sakamál, svo sem líkamsárásir og skemmdarverk.

Þannig verði mögulega hægt að fækka afbrotum og hraða sakamálarannsóknnum embættis lögreglunnar á svæðinu. Reiknað er með því að uppsetning hefjist í sumar. – **sa**

Fór með réttindi fanga fyrir Hæstarétt og vann

Helgi Magnússon háði baráttu fyrir kosningarétti og braut blað í réttindamálum fanga meðan hann sat í gæsluvarðhaldi.

DÓMSMÁL Helgi Magnússon háði skjóta baráttu fyrir mannréttindum sínum í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga 1986 og braut blað í réttindum fanga meðan hann sat í gæsluvarðhaldi vegna Hafskipsmálsins. Þetta kemur fram í bókinni Lífið í lit, eftir Björn Jón Bragason, um æviminningar Helga.

„Þegar við lendum í þessu gæsluvarðhaldi, þá eru akkúrat kosningar. Mér var synjað um að kjósa og þá var engin spurning um að láta á þetta reyna, enda mannréttindi sem varin eru í stjórnarskrá. Við förum svo með þetta, við lögmaður minn, Ólafur Gústafsson, fyrst í undirrétt þar sem málið tapaðist og svo í Hæstarétt sem samþykkti að málið fengi flýtimeðferð. Svo féllst rétturinn á það daginn fyrir kosningar að ég mætti kjósa,“ rifjar Helgi upp og segist hafa notið þess að standa í röð til að kjósa utankjörfundar á Seltjarnarnesi. „Ég fór svo með atkvæðið mitt innsiglað á kosningaskrifstofu í Valhöll og þannig fannst mér verknaðurinn fullkomnaður,“ segir Helgi en í bókinni er rifjað upp hvernig mönnum í Valhöll varð við þegar Helgi kom askvaðandi þar inn með atkvæði sitt og heilsaði mönnum, þar á meðal tveimur fyrrverandi starfsmönnum Hafskipa.

Í dómi Hæstaréttar í málinu er vísað til þeirrar undirstöðureglu að þvingunarráðstafanir sem beitt er við rannsóknir sakamála valdi eins litlu óhagræði fyrir sökunauta og mögulegt er. Ekki verði séð að það stofni markmiði varðhaldsins í hættu að sakborningi sé gefinn kostur á að neyta atkvæðisréttar síns.



Helgi fékk kosningarétt sinn staðfestan í Hæstarétti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hafskipsmenn:

Tveir vildu kjósa en fá það ekki

Tveir af fjórmenningunum, sem nú sitja í gæsluvarðhaldi, fóru fram á að fá að kjósa í borgarstjórnarkosningunum en þeirri beiðni hafnaði RLR. Annar þeirra kærði þá úrskurðinn til sakadóms sem einnig hafnaði beiðni hans.

„Þetta er umdeilanlegt atriði og eðlilegt að menn geti borið það undir dómstóla,“ sagði Þórir Oddsson, varannsóknarlögreglustjóri ríkisins, í samtali við DV. „Það er gott að þessi úrskurður liggur fyrir.“

Sakadómur byggði niðurstöðu sína á því að flutningur mannsins á kjörstað samræmist ekki tilgangi gæsluvarðhaldsins, þ.e. einangrun hans.

Lögfræðingur þess sem kærði byggði kröfu sína á því að kosningaréttur væri grundvallarmannréttindi og ekki tekinn af mæni án dóms. – **FRI**

„Þessi dómur var talinn forðæmisgefandi, ekki síst um réttindi þeirra sem sitja í gæsluvarðhaldi,“ segir Björn Jón Bragason, höfundur bókarinnar.

Fréttablaðið fann ekki heimildir fyrir því að fangar í íslenskum fangelsum hafi kosið áður en þessi atvik urðu en tveimur árum áður voru gerðar breytingar á stjórnarskrá og skilyrði kosningaréttar um óflekkað mannorð fellt út. Eftir þá breytingu fengu fangar jafnan rétt og aðrir til að kjósa. En fyrrnefndar kosningar til sveitarstjórna voru fyrstu almennu kosningar sem fram fóru eftir breytinguna. Það þurfti þó ekki stjórnarskrárbreytingar til að veita Helga kosningarétt enda ekki í afplánun heldur gæsluvarðhaldi. Hann hafði engan dóm fengið og mannorð hans því óflekkað að lögum.

„Kjörsókn í fangelsum er eflaust betri en víðast hvar annars staðar á landinu í dag,“ segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar. „Fulltrúi sýslumanns setur kjörfund í öllum fangelsum og flestir taka þennan rétt hátiðlega og nýta atkvæðisrétt sinn.“

adalheidur@frettabladid.is

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flísum

Flisabúðin
Stórhöfða 21 | s. 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝ COROLLA HÚN ER KOMIN AFTUR



Verð frá: 3.990.000 kr.

Mest seld í heimi

Nýjasta kynslóð Corollu er komin í þremur glæsilegum gerðum sem taka sig best út með þig undir stýri. Mátuðu þig við kraftmiklar Hybrid útfærslur hlaðbaksins, Corolla Hatchback; stallbaksins, Corolla Sedan eða langbaksins, Corolla Touring Sports. Hver er þín týpa?

2 ára þjónustupakki fylgir með nýrri Corollu, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Tveir af þremur ríkisforstjórum hækka í launum

Laun flestra embættismanna og stjórnenda ríkisstofnana sem áður heyrðu undir kjararáð hækka áfram. Laun lækka þó hjá 36 embættismönnum.

Jóhann Óli Eiðsson
joli@frettabladid.is



KJARAMÁL Áhrif niðurlagningar kjararáðs á kjör embættismanna og ædstu stjórnenda stofnana ríkisins eru mismunandi. Hluti þeirra hækkar verulega í launum meðan aðrir taka á sig riflega lækkun.

Hið sáluga kjararáð tók sína síðustu stjórnvaldsákvörðun um miðjan júní í fyrra. Voru þar 48 erindi afgreidd á einu bretti en tæplega fjórutíu öðrum var vísað frá þar sem þau bárust ráðinu eftir að síðasti fundur þess árið 2017 fór fram. Nokkurrar óánægju gætti meðal forstöðumanna ríkisins með ákvörðunina þar sem hún þótti illa rökstudd auk þess sem margir töldu hækkingu sína afar litla.

Nýtt launafyrirkomulag forstöðumanna ríkisins tók gildi um áramótin og færðist ákvörðunarvaldið til skrifstofu kjara og mannaúds innan fjármálaráðuneytisins. Laun þjóðkjörinna fulltrúa, dómara, saksóknara, seðla- og aðstoðar-seðlabankastjóra, ríkissáttasemjara auk nokkurra annarra verði á móti ákveðin með fastri krónutölu í lögum sem taki breytingum í samræmi við meðaltal reglulegra launa starfsmanna ríkisins. Frumvarp þess efnis er til meðferðar á þingi.

Nýtt launafyrirkomulag liggur fyrir en samkvæmt því eru stjórnendur metnir út frá fjórum matsþáttum: færni, stjórnun, umfangi og ábyrgð. Undir hverjum lið er að finna undirflokk. Út frá grunnmatinu eru stjórnendur hólfadír í launaflokka sem eru ellefu talsins.

Fyrstu ákvarðanirnar samkvæmt hinu nýja kerfi hafa verið teknar og niðurstöðurnar birtar á vef Stjórnarráðsins. Höfðu forstöðumenn til 15. mars til að gera athugasemdir við niðurstöðurnar.

Fréttablaðið hefur tekið saman kjör forstöðufólksins og borið saman við þau kjör sem það hafði samkvæmt síðustu launaákvörðun kjararáðs. Um tæplega 140 störf er að ræða. Upplýsingar um kjör 12 vantar þar sem kjararáð tók aldrei ákvörðun um laun þeirra. Í þeim

hópi er forstjóri Bygðastofnunar en erindi hans var eitt þeirra sem ráðið afgreiddi ekki þrátt fyrir að hafa tekið til meðferðar. Í tölunum sem fylgja á eftir hafa skólameistarar framhaldsskóla verið teknir út fyrir sviga þar sem erfitt er að raða þeim í eldri launaflokka.

23 forstöðumenn fengu tíu prósent launahækkingu eða meira. Hæsta prósenthækkingunin var 29 prósent hjá forstjóra Þjóðskrár. Hæsta krónutöluhækkingunin var aftur á móti rúm 355 þúsund hjá veðurstofustjóra. 26 forstöðumenn fá hækkingu á bilinu 5-10 prósent og í hópnum sem fékk á bilinu 0-5 prósent launahækkingu eru fimmtán.

36 embættismenn lækka hins vegar í launum. Tólf lækka um allt að fimm prósent en 24 lækka um meira en það. Dæmi eru um að hækking sem forstöðumenn fengu með síðustu ákvörðun kjararáðs gangi til baka.

Fjölmennir í hópi þeirra sem lækka eru sýslumenn og lögreglustjórar. Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins er sá eini sem hækka og er nú launahærri en ríkislögreglustjóri. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum stendur svo til í stað, aðrir lækka um á bilinu 100 til 216 þúsund krónur. Launahlækkingu sýslumanna er einnig talsverð og ofan á það bættist að til stendur að leggja af að þeir séu innheimtumenn ákveðinna opinberra gjalda. Samhlíða því leggjast af árangurstengdar greiðslur vegna innheimtunnar.

Félag lögreglustjóra hefur gert athugasemdir við fyrirkomulagið. Í umsögn þeirra um fyrrgreint frumvarp er bent á þá staðreynd að lögreglustjórar séu handhafar ákærvalds og um 80 prósent sakamála séu rekin af þeim.

„Lögreglustjórar sem ákærendur taka ekki við fyrirmælum frá sjálfstæði þeirra. Ráðherra hefur ekki vald til afskipta af afgreiðslu ákærenda í einstökum málum [...]. Nú ákveður ráðherra hins vegar laun lögreglustjóra,“ segir í umsögn félagsins.



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands
1.750.000 kr.

Hækkun: 122.668 kr.
▲ 8,3%
Síðast: 2018 (+23,5%)



Sigríður Guðjónsdóttir
lögglustjóri á
höfuðborgarsvæðinu
1.750.000 kr.

Hækkun: 152.162 kr.
▲ 9,5%
Síðast: 2015



Árni Snorrason
forstjóri
Veðurstofu Íslands
1.600.000 kr.

Hækkun 355.546 kr.
▲ 28,6%
Síðast: 2018

Bjarni Smári Jónasson
forstjóri SAK
1.600.000 kr.

Hækkun: 122.665 kr.
▲ 8,3%
Síðast: 2018 (+14,4%)

Alma Dagbjört Möller
landlæknir
1.477.332 kr.

Hækkun: 185.801 kr.
▲ 14,4%

Margrét Hauksdóttir
forstjóri Þjóðskrár
1.450.000 kr.

Hækkun: 326.156 kr.
▲ 29,0%



Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri
1.600.000 kr.

Lækkun: 1.182 kr.
▼ -0,1%
Síðast: 2018 (+3,1%)



Unnur Sverrisdóttir
settur forstjóri
Vinnuálastofnunar
1.450.000 kr.

Hækkun: 303.990 kr.
▲ 26,5%
Síðast: 2018



Jón Gíslason
forstjóri
Matvælastofnunar
1.600.000 kr.

Hækkun: 275.144 kr.
▲ 20,8%
Síðast: 2018 (+11,1%)

Bergþóra Þorkeldsdóttir
vegamálastjóri
1.750.000 kr.

Hækkun: 156.678 kr.
▲ 2,9%
Síðast: 2018 (+16,9%)

Páll Matthíasson
forstjóri Landspítalans
2.590.000 kr.

Hækkun: 3.087 kr.
▲ 0,1%

Hafró, Samgöngustofa og Sjúkratryggingar
1.600.000 kr.

Hækkun: 241.465 kr.
▲ 17,7%



Björn Karlsson
Mannvirkjastofnun
1.220.000 kr.

Hækkun: 228.803 kr.
▲ 23,1%
Síðast: 2011



Páll Gunnar Pálsson
forstjóri
Samkeppniseftirlitsins
1.600.000 kr.

Lækkun: 49.042 kr.
▼ -2,4%
Síðast: 2018 (+7,3%)



Snorri Olsen
ríkisskattstjóri
1.750.000 kr.

Hækkun: 244.537 kr.
▲ 16,2%
Síðast: 2018 (+26,5%)

Erla Björk Örnólfsdóttir
rektor Hásk. á Hólum
1.120.000 kr.

Hækkun: 98.426 kr.
▲ 9,6%
Síðast: 2018 (+21,8%)

Hrafnkell V. Gíslason
forstjóri PFS
1.220.000 kr.

Lækkun: 56.995 kr.
▼ -4,5%

Sýslumenn á Austur- og Norðvesturlandi
1.120.000 kr.

Lækkun: 172.314 kr.
▼ -13,3%



Bryndís Kristjánsdóttir
skattrannsóknarstjóri
1.450.000 kr.

Hækkun: 125.144 kr.
▲ 9,5%
Síðast: 2018 (+2,5%)



Helga Þórisdóttir
forstjóri
Persónuverndar
1.120.000 kr.

Lækkun: 61.276 kr.
▼ -5,2%
Síðast: 2018 (+17,3%)



Tryggvi Axelsson
forstjóri
Neytendastofu
1.045.000 kr.

Lækkun: 120.156 kr.
▼ -10,3%
Síðast: 2018

Guðni A. Jóhannesson
orkumálastjóri
1.220.000 kr.

Lækkun: 104.855 kr.
▼ -7,9%
Síðast: 2018

Hilmar J. Malmquist
Náttúruminjasafn
900.000 kr.

Lækkun: 80.992 kr.
▼ -8,3%

Lögreglustjórar á Austur- og NV-landi
1.220.000 kr.

Lækkun: 215.647 kr.
▼ -15,0%

RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST

ramisland.is



35" - 37" BREYTTUR



40" - 42" BREYTTUR

EIGUM ÖRFÁA BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX. BJÓÐUM UPP Á 35" TIL 42" BREYTINGAPAKKA.

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



Innovation
that excites

MEIRA FYRIR PENINGINN

TRYGGÐU ÞÉR EINN **PAKKAÐAN NISSAN**



BJÓÐUM NOKKRA SÉRÚTBÚNA X-TRAIL
OG QASHQAI MEÐ **700.000 KR. AFSLÆTTI**

Um er að ræða takmarkaðan fjölda Nissan TEKNA,
sem eru hlaðnir lúxusbúnaði, á verði ACENTA.

NISSAN QASHQAI

TEKNA, 2WD, SJÁLFSKIPTUR, BENSÍN
VERÐ FRÁ: 4.950.000 KR.

TILBOÐSVERÐ:

4.250.000 kr.

NISSAN X-TRAIL

TEKNA, 4WD, 7 SÆTA, SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL
VERÐ FRÁ: 7.190.000 KR.

TILBOÐSVERÐ:

6.490.000 kr.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Ráðherra fær tryggingaskýrslu á næstu dögum

STJÓRN MÁL Félagsmálaráðherra fær afhenta skýrslu samráðshóps um endurskoðun almannatryggingakerfisins hvort sem Öryrkjabandalagið og Alþýðusambandið skrifa undir skýrsluna eða ekki. Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra skipaði hópinn í apríl 2018, hópinn samanstendur af fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtaka ásamt fulltrúum stjórnar og stjórnarandstöðu. Stöðu vonir til að hægt væri að ná sem breiðastri sátt

um fyrirkomulag almannatrygginga.

Til stóð að vinnunni yrði lokið síðasta haust en vinnan dróst á langinn. Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður ÖBÍ, segir að ÖBÍ ætli ekki að skrifa undir þar sem stjórnin sjái ekki að skýrslan verði fötluðum til framdráttar. Bætti hann við að ASÍ ætlaði heldur ekki að skrifa undir. Framfærsla sé ekki tryggð í nýju kerfi og óljóst sé hvernig kerfið verður byggt upp, þar að auki sé lítið traust í

Það liggja fyrir drög og þeim verður skilað til ráðherra í næstu viku.

Guðmundur Páll Jónsson, formaður samráðshópsins



garð stjórnmálanna um að vilji sé fyrir hendi til að bæta kjör öryrkja.

„Það er ekki skýrt að króna-á-móti-krónu skerðing verði tekin út. Það eru allir stjórnmálaflokkar búnir að viðurkenna að þessi skerðing sé hörmuleg aðgerð, 100 prósent skattur á þann hóp sem stendur hvað verst. Það vantar, að mínu mati, pólitískan vilja til þess að afnema þetta,“ segir Halldór Sævar. Áætlað var að skrifa undir skýrsluna í síðustu viku en fundurinn var afboð-

ður eftir að afstaða ÖBÍ lá fyrir.

Guðmundur Páll Jónsson, formaður samráðshópsins, segir að vinnan sé á lokametrunum. „Það liggja fyrir drög og þeim verður skilað til ráðherra í næstu viku,“ segir Guðmundur Páll. Hann vildi að öðru leyti ekki tjá sig um stöðuna fyrir en ráðherra væri kominn með skýrsluna í hendurnar. Henny Hinz, sem situr í hópnum fyrir hönd ASÍ, vildi ekki tjá sig um stöðuna að svo stöddu. – ab

Kröflulína í notkun fyrir árslok 2020

RAFORKUMÁL Bæjarstjórn Fljótaldals-heraðs samþykkti í byrjun mánaðar framkvæmdaleyfi vegna Kröflulínu 3 innan síns sveitarfélags á grundvelli umhverfismats Kröflulínu.

Þetta þýðir að Landsnet færir nær því að geta byrjað framkvæmdir við Kröflulínu 3 sem fer um þrjú sveitarfélög, það er Skútustaðahrepp, Fljótaldalshérað og Fljótaldalshrepp. Línan á að tengja saman Kröflustöð og tengivirkid við Fljótaldalstöð og er hluti af því verkefni að styrkja byggðalínu raforku og auka afhendingaröryggi rafmagns um allt land.



Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets.

„Við byrjum ekki framkvæmdir við línuna fyrir en öll framkvæmdaleyfin á línuleiðinni eru komin í hús en undirbúningur er í fullum gangi. Við höfum boðið út og opnað tilboð í stálmóstur og undirstöður og búið er að bjóða út jarðvinnu, slóðagerð og eftirlit,“ segir Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Landsnets.

Kröflulína verður um 122 kílómetrar að lengd og er því um stórt verk að ræða.

„Fram undan er að bjóða út reisingu mastra við Kröflulínu 3 og strengingu og ef allt gengur að óskum þá tókum við Kröflulínu 3 í notkun fyrir árslok 2020,“ bætir Steinunn við. – sa

Uppgjör hrunskulda í forgangi

Stefnt er að því að lækka skatta, ná afgangi og greiða niður skuldir ríkisins í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til 2024. Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, segir 500 blaðsíður ekki segja sér neitt.


STJÓRN MÁL Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til ársins 2024 var kynnt á laugardaginn. Aukið fjármagn verður lagt til samgöngu-, velferðar-, mennta- og nýsköpunarmála. Mikil áhersla er lögð á að ná jákvæðri afkomu ríkissjóðs og lækun skatta. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði við kynningu áætlunarinnar að markmiðið væri að reka ríkissjóð með góðum afgangi og greiða niður skuldir. Ef áætlunin stenst verður hlutfall skulda komið niður fyrir hlutfallið eins og það var fyrir hrun.

Um er að ræða uppfærslu á fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar frá því í fyrra, gert er ráð fyrir auknum fjárframlögum en einnig aðhaldi upp á fimm milljarða.

Nokkur óvissa ríkir um ýmsa þætti, þar á meðal almannatryggingakerfið. Gert er ráð fyrir fjórum milljörðum á ári til þess að gera kerfisbreytingar. Málið er í höndum starfshóps sem mun afhenda félagsmálaráðherra skýrslu í vikunni. Stjórn Öryrkjabandalagsins neitaði að skrifa undir skýrsluna og er því framhaldið óljóst.

Til stendur að auka heildarframlög ríkissjóðs til fjárfestinga á tímabilinu. Árið 2021 er gert ráð fyrir að fjárfesting sem hlutfall af vergri þjóðarframléiðslu nái hámarki í 3,7 prósentum en fari svo lækandi og endi í 3,1 prósentu árið 2024. Mest verður fjárfest í samgöngumálum,

Hvað þýðir ný fjármálaáætlun 2019 til 2024?



fyrir 124 milljarða, þar á eftir kemur sjúkrahúspjónusta fyrir 74 milljarða. Er ýjað að því að til standi að selja hluti ríkisins í fjármálfyrirtækjum, sem og öðrum opinberum fyrirtækjum, til að auka svigrúm til fjárfestinga í innviðum.

Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, notaði helgina til að lesa fjármálaáætlunina. Hann segir vissulega margt jákvætt þar að finna, nefnir hann sérstaklega framlög til nýsköpunarmála, en í heild sinni sé áætlunin ómarkviss og óljós og þar að auki sé gert ráð fyrir auknum útgjöldum til ýmissa málaflokka án þess að vitað sé hvað gera eigi við fjármunina.

„Þetta er fyllilega ónákvæmt og algjör óskhyggja. Það er heldur engin leið fyrir venjulegt fólk að átta sig á hvað ríkisstjórnin ætlar að gera,“ segir Björn Leví. „Ég er búinn að skoða þetta í tvo daga, þetta eru fimm hundruð blaðsíður og fyrir mér lítur þetta út eins og fimm hundruð blaðsíður sem er ætlað að fela það að þau hafi ekkert að segja. Það væri ekkert mál að segja þetta skýrt ef það væri í raun og veru einhver skýr stefna í þessu. Þetta eru bara orð og lýsingar fram og til baka um eitthvað sem skiptir engu máli. Ég vil fá að vita hver stefnan er, hvað hún kostar og hver áhrifin verða, það er fjármálaáætlun. Þetta er bara bull.“

arib@frettabladid.is

♥

SJÁÐU FLEIRI FLOTTAR FERMINGARGJAFIR

elko.is/fermingargjafir

POLAROID MINT LJÓSMYNDAPRENTARI

- Prentaðu myndirnar úr símanum á einfaldan hátt
- Bluetooth og NFC, það verður ekki einfaldara
- ZINK ljósmyndapappír, stærð 5,2x7,5cm

19.995

RAZER LEIKJAVÖRUR

- Vandaðar leikjavörur frá Razer
- Fjölbreytt úrval í boði

VERÐ FRÁ:
8.995

BOSE QUIETCOMFORT 35 II

- Bluetooth, NFC, 3,5mm jack
- Allt að 20 klst. rafhlöðuending
- Active Noise-Canceling

46.995

SAMSUNG GALAXY WATCH ACTIVE

- Góður skjár með Always On Display
- Vatnshelt að 50metrum, innbyggt GPS
- Rafhlaða sem endist og endist
- Virkar með Strava, Spotify, o.fl. forritum

39.995

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS

GÆÐAVERKFÆRI FRÁ TOPTUL

TILBOÐ


96 HLUTA VERKFÆRASETT

1/4" toppar, E-toppar, hjöruliður, skrall og bitahaldarar.
1/2" toppar, torx E-toppar.
Fastir lykklar, skrúfjárn og fleira.

vnr IBTGCAI9601

23.512 m/vsk

Fullt verð 31.350



TILBOÐ


130 HLUTA VERKFÆRASETT

1/4", 3/8" og 1/2" toppar, E-toppar, hjöruliður, skrall og bitahaldarar.
Fastir lykklar

vnr IBTGCAI130B

24.156 m/vsk

Fullt verð 32.208



TILBOÐ

TOPP- OG SKRÚFBITASETT

1/4" sett.
Sexkant toppar, flestar tegundir skrúfbita, skrall sem hægt er að nota með skrúfbitum.

vnr IBTGABW4301S

4.307 m/vsk

Fullt verð 5.743



TILBOÐ

VERKFÆRASETT 1/4"

Skrall 36 tanna með læsingu
Toppar: 4, 4.5, 5, 5.5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14mm
Fastir lykklar: 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13mm

vnr IBTGCAI4901

6.054 m/vsk

Fullt verð 8.181



TILBOÐ

TOPPLYKLASETT 3/8"

Skrall 36 tanna með læsingu
Toppar: 8 - 24mm
Langir toppar: 8 - 19mm
Frömlenging: 3" & 6"
Liður

vnr IBTGCAI2601

5.645 m/vsk

Fullt verð 7.628



TILBOÐ

28 HLUTA TOPPLYKLASETT

Skrall 36 tanna með læsingu
Toppar: 8 - 32mm
Frömlengingar: 5" & 10"
T-Skaft, liður.
Frömlengingu með LED ljósi.

vnr IBTGCAI2802

9.256 m/vsk

Fullt verð 12.341



TILBOÐ

PENNALJÓS LED

5W COB
230 Lumen
3xAAA

vnr IBTJJATO405S

1.769 m/vsk

Fullt verð 2.722



TILBOÐ

TOPPLYKLASETT 3/8"

Skrall 36 tanna með læsingu
Toppar: 6 - 24mm
Toppar djúpir: 8 - 19mm
Kertatoppar 16 & 21mm
Frömlengingar 3" & 6" o.fl.

vnr IBTGBB35140

9.820 m/vsk

Fullt verð 13.270



TILBOÐ

VERKFÆRAVAGN 282 VERKFÆRI

Flottur vagn með 282 verkfæri.
Verkfærin eru geymd í svampi.
Fimm skúffur með verkfæri og tvær tómar.

vnr IBTGE-28210

188.980 m/vsk

Fullt verð 222.330



TILBOÐ

VERKFÆRAVAGN 283 VERKFÆRI

Fimm af sjö skúffum full af verkfærum.
283 verkfæri sem henta vel í bílaviðgerðir

vnr IBTGT-28305

175.660 m/vsk

Fullt verð 206.659



Meira en nóg



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Sú hugmynd sem lögð er til í frumvarpi fjármálaráðherra, Bjarna Benediktssonar, að frysta laun ráðherra og æðstu embættismanna ríkisins til 1. janúar á næsta ári er afar skynsamleg. Ef eitthvað má að henni finna þá er það helst að hún gangi ekki nógu langt. Frysta ætti launin mun lengur. Fólk sem er gríðarlega vel launað þarf ekki að fá rausnarlegar launahækkningar með reglulegu millibili.

Vitanlega var ómögulegt annað en að ámáttleg hljóð heyrðust úr horni vegna þessarar hugmynda. Seðlabankastjóri, Már Guðmundsson, sem senn lætur af störfum, steig fram og kveinaði hátt. Hann segir að að laun seðlabankastjóra hafi æði lengi verið fremur lág í samanburði við laun ráðherra og æðstu embættismanna. Þetta vill hann láta leiðrétta.

Það er sennilega innbyggð í eðli seðlabankastjóra að hugsa meira um krónur og aura en flestir aðrir. Vist er að núverandi seðlabankastjóri hefur hvergi dregið af sér þegar kemur að því að kvarta undan launakjörum sínum. Landsmönnum er visast enn í minni þegar hann fór í mál við eigin vinnustað vegna þess að hann taldi sig illa settan í launamálum. Enn eina ferðina ber seðlabankastjóri sig aumlega vegna launa sinna, og velur til þess tíma þegar erfiðar kjaraviðræður standa yfir. Óneitanlega lýsir það ákveðnu taktleysi. Það vekur líka furðu hversu brattur seðlabankastjóri er. Einhver hefði eflaust búist við að hann hefði kosið að hafa hægt um sig þessa dagana, sérstaklega eftir þá hirtingu sem hann fékk nýlega frá umboðsmanni Alþingis vegna þess sem vart verður kallað annað en aðför Seðlabankans að Samherja.

Seðlabankastjóri segir einnig að erfitt gæti verið að manna stöður bankastjóra ef laun þeirra dragist aftur úr launum sambærilegra embættismanna. Það er vitaskuld ekkert annað en bull. Það er fullt af hæfu fólki sem vill slíkar stöður, enda þarf enginn sem tekur þær að sér að lepja dauðann úr skel.


Það er orðið ansi leiðigjarnt að hlusta á frasann frá hálaunuðu fólki um að það hafi dregist aftur úr launum og verði umsvifalaust að fá leiðréttingu. Það er segin saga að um leið og einn hálaunamaður rekur upp gól hefja aðrir sömuleiðis upp raust sína og bera sig verulega illa þótt þá skorti ekkert í lífinu. Þannig hefur orðið til sú regla að þeir sem eru sérlega vel launaðir fá áframhaldandi hækkningar langt umfram almenna launapróun. Á sama tíma er stöðugt verið að vara venjulegt launafólk við því að launahækkningar til þess yrðu mikið áfall fyrir þjóðarbúið.

Ætíð finnst svigrúm til launahækkana fyrir hæst launada fólki en þegar kemur að launum venjulegs fólks, hvað þá þeirra lægst launuðu, þá finnst alls ekkert svigrúm. Vitanlega er þetta svigrúm til, það eina sem þarf er vilji til að nýta það. Það þarf að bæta kjör þeirra sem lægst laun hafa og ekki á að láta eins og það sé ómögulegt. Ríkt samfélag ræður vel við slíkt verkefni. Öllum ætti svo að vera ljóst að hálaunafólk þarf ekki frekari hækkningar, það hefur mikið meira en nóg.



Það er segin saga að um leið og einn hálaunamaður rekur upp gól hefja aðrir sömuleiðis upp raust sína og bera sig verulega illa.

Halldór



Frá degi til dags

Samhengisleysi ...

Agli Helgasyni var lesinn pistillinn hressilega á vef Útvarps Sögu um helgina og hann sagður genginn til liðs við „poppúlistanna“ eða „hatursfólkið“, fyrir að endurbirta orðrétt yfirlýsingar Viðars nokkurs Þorkelssonar í símatíma útvarpsstöðvarinnar um að réttast væri að kasta mót-mælendum af Austurvelli lifandi úr flugvéllum yfir hafi, að hætti herforingjastjórnarinnar í Argentínu. Viðar þessi er almennt talinn fremstur meðal jafningja af innhringjendum sjálfum og Egill er borinn þungum sökum fyrir að takast að skrumskæla ummæli hans með beinni tilvitnun.

... samhengisins

Innhringjandinn sem Agli er gefið að sök að hafa slitíð svona illilega úr samhengi státaði sig af því, í öðru samtali á Sögu nýlega, að hafa ruðst inn á Illuga Jökulsson þar sem hann var að störfum hjá bókaútgáfu hér í bæ og krafði hann svara um afstöðu sína í eldfimur mannréttindamálum. Ekki sagði Viðar farir sínar rennisléttar og barmaði sér yfir því að Illugi hefði ekkert viljað við hann tala heldur rekið á dyr. Samhengið í beinni ræðu Viðars virðist hafa farið eitthvað öfugt ofan í Illuga sem eðlilega kannski deilir les- og málskilningi með sínum gamla vini og skólabróður Agli Helgasyni.

thorarinn@frettabladid.is

Ljótur leikur



Oddný G. Harðardóttir
þingmaður
Samfylkingar

Fjármálaráðherra kynnti fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2020-2024 síðastliðinn laugardag. Það er athyglisvert að lesa áætlunina í ljósi stöðunnar á vinnumarkaði og þá sérstaklega með kjör stóru kvennastéttanna hjá ríkinu í huga.

Skattabreytingarnar í áætluninni eru þær sömu sem áður voru boðaðar með tæpum 7 þúsund krónum á mánuði til allra, líka þeirra sem eru með milljónir á mánuði. Hefur einhver beðið stjórnvöld um þessa rausn við ríkasta helming landsmanna? Þarna er illa farið með almannafé. Húsnæðisstuðningurinn er alls ekki sá sem vonast hafði verið eftir og barnabætur eru með sömu skerðingunum á lágur millitekjur og í ár.

Í upphafi kjörtímabilsins setti ríkisstjórnin sér fjármálastefnu sem gerir ráð fyrir ákveðnum afgangi á ríkissjóði. Út af þeirri stefnu má ekki bregða nema hér verði efnahagshrun eða náttúruhamfarir. Þannig á ríkissjóður að skila 29 milljarða króna afgangi á árinu 2020. Þegar búið er að reikna bæði tekjur og gjöld miðað við nýja hagspá og þegar búið er að reikna kerfislegan kostnað s.s. vegna fjölgunar aldraðra, þá er ekki mikið eftir upp í loforð ríkisstjórnarinnar. Þess vegna setur hún 5 milljarða króna aðhald á árið 2020 og samtals verður aðhaldið orðið rúmum 13 milljarðar árið 2024.

Og svo er viðbótaraðhald sem enginn veit enn hversu mikið verður. Ef ríkisstarfsmenn semja um meira en 0,5% launahækkningar umfram verðlag verða ráðuneytin að skera niður fyrir þeim launakostnaði. Þetta mun hafa í för með sér lakari þjónustu við sjúklinga og börn og aðra þá sem þurfa á þjónustu ríkisins að halda og þetta mun auka enn álag á stóru kvennastéttirnar eins og á það sé bætandi, eða líklegt sé að þetta muni laða til starfa fleiri hjúkrunarfræðinga eða sjúkraliða. Þessi skilabod í gegnum fjármálaáætlunina eiga væntanlega að setja pressu á samningsaðila. Slíkt er ekkert annað en ljótur leikur stjórnvalda í upphafi kjara- viðræðna við ríkisstarfsmenn.



Hefur einhver beðið stjórnvöld um þessa rausn við ríkasta helming landsmanna?

TUDOR rafgeymar

Er snjósleðinn tilbúinn fyrir vetrarkuldann?

Veldu
þruggt
start með
TUDOR

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Túristabrestur

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Gullfoss verður áfram í Hvítá. Mér finnst mikilvægt að leggja á það nokkra áherslu þessi dægrin, til þess að róa sálartetrið á óvissutímum, að þó svo flugfélagið WOW hætti rekstri í núverandi mynd eða fari alveg á hausinn, þá þýðir það ekki að náttúruperlu Íslands hverfi í sömu andrá og þar með aðdráttarafl landsins og fegurð þess. Gullfoss verður áfram í Hvítá. Strokkur heldur áfram að frussast upp úr jörðinni í Haukadal, Bláa lónið missir ekki lit sinn, Þríhnúka-gígur fellur ekki saman, Dyrhóla-ey hrynur ekki, Dettifoss verður áfram hrikalegur, Látrabjarg áfram ægilegt, Hekla ógnandi og norður-ljosin töfrandi.

Ísland verður áfram einhver sá magnaðasti áfangastaður sem nokkur ferðamaður getur valið sér að ferðast til.

Mér finnst stundum eins og landinn hafi tekið uppgangi ferðaþjónustu á undanförunum árum sem óvæntum lukkupotti. Líkt og Ísland hafi á einhvern hátt dottið óvart í tísku – út af Björk eða Eyjafjallajökli eða út af einhverju sem einhver sagði – og í kjölfarið hafi streymt til landsins ferðamenn.

Þetta er að hluta til rétt. Þetta gerðist. Eldgos varð og allt sprakk. Ferðamenn hafa flykkt til landsins síðan, jafnvel í of miklum mæli. Vegna sjómannseðlis og veiðipels held ég að við Íslendingar, ekki sist út af því að uppganginn bar að með þessu móti, höfum margir tilhneigingu til að líta á ferðamenn eins og makríl. Þeir eru fiskitegund sem allt í einu gerði vart við sig á Íslandsmiðum. Þeir eru afli. Þeir ganga í torfum. Og semsagt: Nú er að verða túristabrestur eins og loðnubrestur.

Og WOW er þá útgerðarfélag. Flugvélnar eru togarar. Félagið hefur mokveitt á undanförunum árum, en nú eru horfur slæmar.

Þetta er ekki gott, hvíslar lopa-peysuklæddur skipstjóri með sjálfum sér og sötrar gulan Braga.

Röng líking

Mér finnst mikilvægt að minna sig á, að þó svo þessi sam- burður ferðafólks við fisk eigi sér sumpart stöð í raunveruleikanum – svona af sjónarhóli atvinnumála til skamms tíma – að þá er þessi líking líka á svo mikilvægan hátt röng og óheilbrigð. Veruleikinn er fremur þessi, sem varðar okkur mjög: Áhugi fólks, út um allan heim, á ótrúlegri náttúru er ekki eitthvað sem byrjaði í fyrra og hættir á næsta ári. Þörfin til þess að upplifa náttúruna, standa andspænis henni, njóta hennar og reyna sig í henni, er þörf sem mun bara vaxa meðal mannkyns, í takt við vöxtinn á öllu hinu: Velmennunum, sjálfvirkninni, tölvunum og netinu. Í heimi sem þráir og mun þrá náttúru meira og meira, er Ísland komið á kortið sem einstakt náttúruævintýri. Þótt bakslag komi í hinn ótrúlega mikla uppgang um stundarsakir, dettur Ásbyrgi ekki úr tísku. Né Herðubreið. Né Askja.

Breyttir tímar

Það er auðvitað glatað að hressilegt og djarft félag eins og WOW hafi ekki getað nýtt sér þennan mikla áhuga sem hefur skapast

á Íslandi til þess að byggja upp stöndugan rekstur. Ef það var ekki hægt á þessum fordæmalausum uppgangstímum, þá er það líklega aldrei hægt. Mér sýnist sagan hafa sagt okkur að Íslendingar geti yfirleitt bara rekið eitt flugfélag, og það með herkjum og ríkisinn-gripum. Vandræði WOW eru þunglyndisleg áminning um þann dapurlega veruleika.

Alveg burtséð frá hrakningum eins flugfélags munu útlendingar áfram unnvörpum vilja upplifa Ísland, þótt vöxturinn verði ekki 30% á ári, blessunarlega.

Íslensk ferðaþjónusta mun þurfa að treysta á lögmál framboðs og eftirspurnar þegar kemur að flutningi ferðafólks til landsins. Það lögmál hefur virkað ágætlega á undanförunum árum.

Þegar ég var að alast upp flugu frá landinu tvö flugfélög, Icelandair og Arnarflug, og eini túristinn í Skagafirði sumarið 1983 hét David. Nú skipta túristarnir milljónum og flugfélögin tugum.

Skemmtilegt

Náttúran – það sem okkur ber



Alveg burtséð frá hrakningum eins flugfélags munu útlendingar áfram unnvörpum vilja upplifa Ísland, þótt vöxturinn verði ekki 30% á ári, blessunarlega.

að varðveita og sýna öðrum – er stærri en nokkurt eitt fyrirtæki. Það er þó skemmtilegt, og kannski var það hluti af lang-tímaplani Skúla, ef illa færi, að nafn sköpunarverks hans, sem nú berst í bókum, mun áfram lifa í alþjóðlegum viðbrögðum þeirra milljóna ferðamanna sem berja munu undir Íslands augum í framtíðinni.

Gagnvart Gullfossi, Dettifossi, Jökulsárgljúfrum og Kirkjufelli mun fólk áfram hvísla með sjálfu sér í veðurbarinni lotningu, um aldir alda: WOW.

TILBOÐ VIKUNNAR

FRÁBÆR TILBOÐ Á SPENNANDI GRÆJUM

<p style="text-align: center; color: red; font-weight: bold;">FRÁBÆRT TILBOÐ VERÐ AÐUR 119.990</p> <p style="text-align: center; font-size: 24px; font-weight: bold;">17+</p> <p style="text-align: center; font-size: 24px; font-weight: bold;">5 LITIR</p> <p style="font-weight: bold;">14" FHD IPS Ultra-Narrow skjárammi Intel N5000 2.7GHz Pentium Quad Core 8GB minni DDR4 2400MHz 256GB SSD M.2 diskur</p> <p style="text-align: center; font-weight: bold; font-size: 24px;">acer</p> <p style="font-weight: bold;">ACER SWIFT 1 99.990</p> <p style="font-size: 12px;">Nýja lúxus línan með enn öflugri 4 kjarna örgjörva, ofurnett, físlétt og örþunn úr gegnheilu áli</p> <p style="text-align: center; font-weight: bold;">Öflug lúxus lína sem kemur í 5 glitir litum</p>	<p style="text-align: center; color: red; font-weight: bold;">FRÁBÆRT TILBOÐ VERÐ AÐUR 149.990</p> <p style="font-weight: bold;">14" FHD IPS 360° fjölsnertiskjár Intel i5 8250U 3.4GHz Turbo Quad Core 8GB minni DDR4 2133MHz 256GB SSD M.2 diskur</p> <p style="text-align: center; font-weight: bold; font-size: 24px;">acer</p> <p style="font-weight: bold;">ACER SPIN 3 129.990</p> <p style="font-size: 12px;">Ný kynslóð þynnri og glæsilegri fartölva með IPS fjölsnertiskjá sem hægt er að snúa 360°</p> <p style="text-align: center; font-weight: bold;">Fjölhæf fartölva með 360° IPS fjölsnertiskjá</p>	<p style="text-align: center; color: red; font-weight: bold;">FRÁBÆRT TILBOÐ VERÐ AÐUR 169.990</p> <p style="font-weight: bold;">14" FHD IPS 1920x1080 snertiskjár Intel i7 8550U 4.0 GHz Turbo Quad Core 8GB minni DDR3 2133MHz 256GB SSD NVMe diskur</p> <p style="text-align: center; font-weight: bold; font-size: 24px;">acer</p> <p style="font-weight: bold;">ACER SWIFT 5 149.990</p> <p style="font-size: 12px;">Ný Ultrathin kynslóð með 14" IPS-Pro snertiskjá, baklýstu lykklaborði og Hello fingrafaraskanna</p> <p style="text-align: center; font-weight: bold;">Nett aðeins 970gr úr Magnesium áli</p>
<p style="text-align: center; color: red; font-weight: bold;">FRÁBÆRT TILBOÐ VERÐ AÐUR 19.990</p> <p style="text-align: center; font-size: 24px; font-weight: bold;">LACIE</p> <p style="font-weight: bold;">2TB LACIE PORSCHE Nettur ferðaflakkar með hröðu USB-C 3.1 tengi</p> <p style="text-align: center; font-weight: bold; font-size: 24px;">14.990</p>	<p style="text-align: center; color: red; font-weight: bold;">FRÁBÆRT TILBOÐ VERÐ AÐUR 49.990</p> <p style="text-align: center; font-size: 24px; font-weight: bold;">SALORA</p> <p style="font-weight: bold;">43" 4K SJÓNVARP Fullkomið í fermingarherbergið með Netflix :)</p> <p style="text-align: center; font-weight: bold; font-size: 24px;">44.990</p>	<p style="text-align: center; font-weight: bold;">NINTENDO SWITCH Frábær leikjatölva með rauðum og bláum joycon</p> <p style="text-align: center; font-weight: bold; font-size: 24px;">49.990</p>
<p style="font-weight: bold;">PS4 VR GLERAUGU Með VR Worlds leik og VR myndavél</p> <p style="text-align: center; font-weight: bold; font-size: 24px;">39.990</p>	<p style="font-weight: bold;">1TB PS4 SLIM Sony PS4 með 2.stk stýriþoppum</p> <p style="text-align: center; font-weight: bold; font-size: 24px;">49.990</p>	<p style="text-align: center; color: red; font-weight: bold;">FRÁBÆRT TILBOÐ VERÐ AÐUR 9.990</p> <p style="text-align: center; font-size: 24px; font-weight: bold;">Trust</p> <p style="font-weight: bold;">PRÁÐLAUS PAXO Práðlaus Noise Cancelling heymartól</p> <p style="text-align: center; font-weight: bold; font-size: 24px;">5.995</p>
<p style="text-align: center; color: red; font-weight: bold;">FRÁBÆRT TILBOÐ VERÐ AÐUR 14.990</p> <p style="text-align: center; font-size: 24px; font-weight: bold;">GAMING</p> <p style="font-weight: bold;">TRUST LEIKJASETT Leikjalyklaborð, mús og heymartól</p> <p style="text-align: center; font-weight: bold; font-size: 24px;">12.990</p>	<p style="text-align: center; font-weight: bold;">GIGABYTE</p> <p style="font-weight: bold;">240GB SSD Hraðvirkur 240GB SATA3 diskur</p> <p style="text-align: center; font-weight: bold; font-size: 24px;">7.990</p>	

SENDUM FRÍTT
Um land allt allar
vörur allt að 10 kg.



Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Breiðhyllingar finna lyktina af sumarfríinu

Njarðvík er komið í afar vænlega stöðu í átta liða úrslitum Domino's-deildar karla eftir fimmtán stiga sigur á ÍR í gær. Breiðhyllingar léku án Kevins Capers sem tók út leikbann í gær og áttu þeir í stökustu vandræðum með öfluga vörn Njarðvíkinga lengi vel í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nýjast

Domino's-deild karla
Átta liða úrslit

**Grindavík - Stjarnan 84-82**

Stigahæstir: Sigtryggur Arnar Björnsson 26, Jordy Kuiper 24/11 fráköst, Ólafur Ólafsson 14/12 fráköst - Antti Kanervo 20, Hlynur Elías Bæringsson 20/12 fráköst, Brandon Rozzell 13, Ægir Þór Steinarsson 12.

Staðan er jöfn, 1-1 í einvigi liðanna en vinna þarf þrjá leiki til að komast áfram.

ÍR - Njarðvík 70-85

Stigahæstir: Gerald Robinson 25/15 fráköst, Hákon Örn Hjálmarsson 19, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 9 - Maciek Stanislaw Baginski 21, Jeb Ivey 17, Eric Katenda 15/10 fráköst, Ólafur Helgi Jónsson 12.

Njarðvík leiðir einvigi liðanna 2-0 en vinna þarf þrjá leiki til að komast áfram.

Domino's-deild kvenna**Skallagrímur - KR 66-85**

Stigahæstar: Shequila Joseph 24/20 fráköst, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 15, Ines Kerin 14, Maja Michalska 10 - Kiana Johnson 38/11 fráköst/12 stoðsendingar, Orla O'Reilly 19/10 fráköst, Vilma Kesänen 10, Kristbjörg Pálsdóttir 6.

Stjarnan - Valur 68-90

Stigahæstar: Danielle Victoria Rodriguez 21/10 fráköst, Veronika Dzhikova 20, Briet Sif Hinriksdóttir 11 - Heather Butler 28, Hallveig Jónsdóttir 17, Helena Sverrisdóttir 14/10 fráköst, Simona Podesvova 13/15 fráköst, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 8.

Keflavík - Breiðablik 81-69

Stigahæstar: Birna Valgerður Benónýsdóttir 15, Sara Rún Hinriksdóttir 14, Irena Sól Jónsdóttir 11, Brittany Dinkins 10 - Sóllilja Bjarnadóttir 13, Ivory Crawford 13/14 fráköst, Sanja Orazovic 9, Eyrún Ósk Alfreðsdóttir 8, Björk Gunnarsdóttir 7.

Snæfell - Haukar 76-74

Stigahæstar: Gunnhildur Gunnarsdóttir 27, Angelika Kowalska 15, Berglind Gunnarsdóttir 15, Katarina Matijevic 9 - Rósa Björk Pétursdóttir 19, Eva Margrét Kristjánsdóttir 17, Þóra Kristín Jónsdóttir 14, Briet Lilja Sigurðardóttir 12, Klaziena Guijt 5.

Efri	Neðri		
Valur	42	Snæfell	32
Keflavík	40	Haukar	16
Stjarnan	34	Skallagr.	12
KR	32	Breiðablik	8

Olis-deild karla**ÍBV - FH 31-29**

Markahæstir: Hákon Daði Styrmisson 13, Elliði Snær Viðarsson 4, Dagur Arnarsson 4, Fannar Þór Friðgeirsson 3 - Bjarni Ófeigur Valdimarsson 7, Ásbjörn Friðriksson 7, Einar Rafn Eirsson 5, Arnar Freyr Ársælsson 3.

Afturelding - KA 22-26

Markahæstir: Árni Bragi Eyjólfsson 7, Finnur Ingí Stefánsson 5, Tumi Steinn Rúnarsson 4 - Aki Egilsson 10, Tarik Kasumovic 9, Dagur Gautason 2, Jovan Kukobat 2.

ÍR - Fram 23-28

Markahæstir: Sturla Ásgeirsson 7, Arnar Freyr Guðmundsson 6 - Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 9, Þorgrímur Smári Ólafsson 5, Þorgeir Bjarki Davíðsson 5.

Selfoss - Haukar 27-29

